

90

2. Óleyfileg vör.

13. júlí

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Meðan raforka frá Laxárvirkjuninni er ekki komin í öll hús í kaupúninu, svo að starfrækja þarf rafstöð þá, sem nú er í kaupúninu, er heimilt að selja raforku frá rafstöð kaupúnsins sama verði og raforku frá Laxárvirkjuninni.

Fyrst um sinn skal rafmagn til suðu fyrst og fremst miðað við lagnir í ný hús, er ekki hafa önnur eldfæri, og er óleyfilegt að taka burt nothæfar eldavélar til þess að setja í staðinn rafsuðuvélar, nema með leyfi rafveitunefndar. Fyrst um sinn skal einnig útiloka frystihúsvélar á tímanum 10.45 til 12 fyrir hádegi, og þegar spenna er lág ber að útiloka allar vélar yfirleitt eftir því sem hægt er.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Húsavík, nr. 194 22. nóvember 1945.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. júlí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

91

REGLUGERÐ

20. júlí

um söluskatt.

1. gr.

Ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á fjárhæð söluskatts skal tilkynnt skattgreiðanda með ábyrgðarbréfi, sem skal póstlagt í síðasta lagi 1. n. m. eftir að gjaldið er ákveðið. Ef skattgreiðandi vill kæra skatt sinn fyrir skattstjóra eða skattanefnd, skal hann senda kæru sína fyrir 10. s. m. Úrskurður skattstjóra eða skattanefndar skal kveðinn upp og tilkynntur í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurði skattstjóra eða skattanefndar má áfrýja til yfirskaðanefndar og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kæru- og úrskurðarfræstir þeirra eru 10 dagar og úrskurðarfræstir þeirra eru jafnlangir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1948.

Magnús Gíslason.

Kjartan Ragnars.